

## AUGLÝSING

### **hreppsnefndar Reykhólahrepps um samþykkt deiliskipulag.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Reykhólahrepps þann 18. ágúst 2005 deiliskipulag í landi Fremri-Gufudals, Reykhólahreppi.

Í deiliskipulaginu eru markaðar lóðir fyrir fimm frístundahús.

Þrjú húsanna eru þegar byggð, einnig eru íbúðarhús, útihús og skemma innan skipulagssvæðisins. Deiliskipulagið byggir á breytingu á svæðisskipulagi Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Búðardal, 8. febrúar 2008.*

**Bogi Kristinsson Magnúsen**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. febrúar 2008